

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 29.06. 2021**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29B, kl 09:00.

**Mættir:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson.

### **Dagskrá fundar:**

1. Skálholt val á sýningarnefndi.
2. Önnur mál

#### **1. Skálholti.**

Björn hefur lagt til skipuð verði sýningarnefnd einstaklinga sem þekkingu hafi á þróun og tækni og verði bakland við val á sýningargripum og við heimildavinnu. Ákveðið var að hafa samband við nokkra einstaklinga og óska eftir þátttöku þeirra.

#### **2. Önnur mál.**

a) Ákveðið var að þeir sem styrkja okkur fái helst línu á heimasíðu okkar þar sem þakkir eru sýndar.

b) Útbúa þakkarkort sem séu send þeim sem styrkja og og minningarkort fyrir þeirra sem ánafnað hafa okkur. Félaginu hafa borist minningargjafir og talið sjálfsagt að hafa slík kort við hendina, í rafrænu formi eða prentuðu.

c) Stungið var upp á og samþykkt að félagið kaupi 14 eintök af Prentsmiðjubók Svans Jóhannessonar, til endursölu og gjafa.

d) Fundarmenn ræddu nokkuð hlutverk Gömlu prentsmiðjunnar og ekki síst strjálán opnunartíma. Fram kom að verið sé að vinna að dagskrá og þar með koma á föstum og reglulegum opnunartíma.

e) Fram kom að lagt hefur verið til að keyptar verði spjaldtölvur til að hafa hjá hverju tæki í Gömlu prentsmiðjunni, sem sýni hvernig einstaka vélar og tæki virki. Tekið var jákvætt í hugmyndina en samþykkt að meðan Gamla prentsmiðjan er ekki opin sé til lítils gagns að kaupa slíkar spjaldtölvur.

f) Okkur hefur borist hitareikningur, dagsettur í nóvember á síðasta ári og sagður vera fyrir hita frá árinu 2017. Samþykkt að fara fram á nánari skýringar áður en reikningurinn verði greiddur.

Fundi slitið 9:50

Grímur Kolbeinsson, ritari